

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um málshöfðun gegn lands- 62  
sjóði. — Með þóknanlegu brjefi 9. desbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað 22. febr.  
að erindi frá Lárusi yfirdómara Sveinbjörnssyni, þar sem hann sækir um leyfi til að  
beina á hendur landshöfðingjanum fyrir landssjóðs hönd málssókn þeirri, er hann ætlar  
að hefja móti landssjóði út af því, hvort heimild hafi til verið að skipa að halda aptur  
af yfirdómaraunum hans fyrir janúarmánuð þ. á. 164 kr. 45 aur, er álitid var, að honum  
um hafi of greitt verið sem settum bæjarfógeta í Reykjavík og sýslumanni í Gullbringu-  
og Kjörsarsýslu um tímabilið frá 1. maí til 6. júní 1878. Ut af þessu tjái jeg yður til  
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir þeim, er hlut á að máli, að jeg veiti leyfi  
þetta.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stjórnartíðindi handa 63  
hjeraðslæknum. — Í þóknanlegu brjefi dags. 30. nóvember f. á. hafið þjer, herra lands- 27. febr.  
höfðingi, lagt það til, að hjeraðslæknarnir á Íslandi megi eptirleiðis fá ókeypis hver eitt  
eintak (exemplar) af stjórnartíðindunum, þannig, að þeir skuli skyldir að geyma það og  
láta það fylgja skjalasafni læknisembættisins og afhenda það ásamt skjalasafninu eptir-  
manni sínum í embættinu. Ut af þessu vil jeg eigi láta hjá líða að tjá yður til þókn-  
anlegrar leiðbeiningar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, að jeg fellst á tillögu yðar, og get  
jeg þess jafnframt, að eintaka-fjöldi sá, er hingað til hefir verið sendur yður, herra lands-  
höfðingi, af A-deildinni, mun aukinn verða frá byrjun þessa árs um 25, svo að þjer  
fáið alls 850 eintök.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um dinu á landsskuld af 64  
þjóðjörðum. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað með þóknanlegu brjefi 24. 28. febr.  
nóvember f. á. erindi frá leiguliðunum á nokkrum landssjóðs-jörðum, er heyrá undir  
Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboð ásamt með áliti umboðsmanns og amtmanns;  
sækja leiguliðarnir þar um, að þeim verði veittar bætur fyrir tjón það, sem jarðir þeirra  
hafa beðið veturinn 1880—81 og vorid 1881 af skriðuhlaupi og sandfoki, að sumu leyti  
með því, að þeim verði veitt uppgjöf á landskuldum, og að sumu leyti með því, að  
landssjóðurinn taki þátt í kostnaðinum við að bæta úr tjóninu. Jafnframt hafið þjer,  
herra landshöfðingi, látið í ljósi, að eptir því, sem fram er komið um það, hversu tjóni  
þessu sje varið, muni líklega verða nauðsynlegt að gefa landsetunum eitthvað eptir af  
landsskuldunum fyrir þetta fardaga-ár og, ef til vill, fyrir eitt eða fleiri eptirkomandi ár,  
ef landssjóður eigi ekki að eiga það á hættu, að leiguliðarnir segi lausri ábúð sinni á  
jörðunum. Auk þess hafið þjer getið þess, að bæði sanngirni og svo reglur þær, er  
venjulega hefir fylgt verið um landssjóðs-jarðir, mæli með því, að landsdrottinn taki að  
nokkrum hlut þátt í að greiða kostnað þann, er landsetar hafa af því, að bæta áföll þau  
er ábúðarjarðir þeirra hafa orðið fyrir, eða af því, að fyrirbyggja áföll á þær framvegis,  
einkum skriðuhlaup, sandfok, og því um líkt; en hinsvegar hafið þjer álitid, að eigi  
bæri að greiða slíkan styrk, fyrri en endurbótunum sje lokið á þann hátt, er hagkvæmt  
ur sje, og nákvæmar skýrslur sjeu fyrir höndum bæði um kostnaðinn við verkið og um  
það, hversu það sje af hendi leyst, svo að unnt sje að taka nánari ákvörðun um, hve  
mikinn styrk landssjóður eigi að láta í tje.

2. dag maím. 1882.

64. — Því er kemur til erinda þeirra hvers um sig, er fyrir liggja, þá hafið 28. febr. þjer lagt til:

1.) að ábúandanum á Stóra-Langadal í Skógarstrandarhreppi verði, eptir gefinn fjórðungur allrar landskuldar um 3 ár, en landskuldin er 160 álnir alls, og greiðast 5 sjöttungar hennar eptir fornu lagi með 9 aur. alinin en 1 sjöttungur eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni;

2.) að landsetanum á Jörðunni Kárastöðum í sama hreppi verði gefin eptir hálf landskuldin um eitt ár, en hún er öll 70 álnir og greiðast 30 álnir af henni eptir fornu lagi með 9 aur. alinin, en 40 álnir eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni;

3.) að landsetanum á Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi verði eptir gefnar 2 vættir af allri landsskuldinni um tvö ár, en landsskuldin er öll 4½ vætt, og greiðist helmingur eptir fornu lagi með 3 kr. 18 aur. vættin, en helmingur eptir meðalverði verðlagsskrár;

4.) að landsetanum á Hraunmúla í Staðarsveit verði eptir gefinn helmingur landsskuldar um 3 ár; en landsskuldin er öll 2 vættir og 15 álnir, og greiðast 5 sjöttungar eptir fornu lagi með 3 kr. 18 aur. vættin, og 1 sjöttungur eptir meðalverði verðlagsskrár;

5.) að landsetanum á Stóra-Kambi í Breiðuvíkurreppi verði gefin eptir hálf landskuldin um 3 ár, en öll er hún 4 vættir og greiðast 5/6 eptir fornu lagi með 3 kr. 18 aur. vættin, en 1/6 eptir meðalverði verðlagsskrár, og svo verði honum um sama tímabil gefin eptir leigan af einu af þeim þrem kúgildum, er jörðunni fylgja; — og loksins,

6.) að landsetanum á Fjarðarhorni í Helgafellssveit verði gefin eptir hálf landskuldin um 2 ár, en hún er öll 22½ alin, er greiðist eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, og svo verði honum og veitt 150 kr. þóknun fyrir að byggja upp jarðarhúsin og hreinsa túnið, þá er hann hefir sannað með löglegri skoðunargjörð, að hann hafi leyst hvorttveggja þessi verk viðunanlega af hendi.

Út af þessu læt jeg eigi hjálða að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eptir atvikum fellst á ofanefndar tillögur yðar, herra landshöfðingi, og uppástungur.

65. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þóknun handa hjeraðs- 28. febr. lækni. — Með þóknanlegu brjefi 29. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá Ólafi Sigvaldasyni, lækni í 7. læknishjeraði, þar sem hann sækir um

*fyrst og fremst:* að sjer verði greidd þóknun úr landssjóði, 1125 kr. að upphæð, fyrir það, að hann hefir gegnt læknis-störfum í 5. læknishjeraði frá 1. september 1876 til 1. marz 1878 jafnframt því, er hann stundaði embætti sjálfs sín; en á þessari upphæð þykist hann eiga heimting, með því að hann hyggur, að eigi hafi rjettur til verið samkvæmt 3. gr. laga 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeruðunum og fleira að skylda hann til að takast þjónustu þessa á hendur kauplaust; og *til vara:* að verði nýnefndri beiðni hans ekki sinnt, verði honum leyft að snúa á hendur landshöfðingjanum um málssókn þeirri, er hann þá ætlar að hefja, til að fá landssjóð dæmdan til að greiða sjer upphæð þessa.

Út af þessu lætur ráðgjafinn eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn finnur eigi ástæðu til, eins og málið